GRÝTUBAKKAHREPPUR
Gamla skólanum – 610 Grenivík – Sími 463 3159
Fax 463 3269 – Netfang sveitarstjori@grenivik.is

Alþingi
Erindi nr. Þ 140/1838
komudagur 20.4.2012

Ályktun frá sveitarstjórn Grýtubakkahrepps um frumvörp til laga um stjórn fiskveiða og veiðigjald.

Sveitarstjórn Grýtubakkahrepps lýsir yfir þungum áhyggjum vegna framtíðar útgerðar og fiskvinnslu í byggðarlaginu sem og yfir framtíð sveitarfélagsins sjálfs vegna framkominna frumvarpa til laga um stjórn fiskveiða og veiðigjalds. Fram kemur í samantekt sem sveitarstjórn Grýtubakkahrepps lét vinna af óháðum aðilum að líkleg aukning gjaldtöku af útgerðarfyrirtækjum í sveitarfélaginu verði á bilinu 600-700 m. kr. en tekjur vegna leigupotta sem sveitarfélagið gæti fengið í sinn hlut gætu numið 1-7 m. kr. Þessi aukna gjaldtaka samsvarar 1,7-2 m.kr. á hvern íbúa sveitarfélagsins á ári.

Vakin er athygli á því að slík gjaldtaka sem boðuð er í frumvörpunum er fyrst og fremst landsbyggðaskattur. En það er vísasta og skjótvirkasta leiðin til að leggja fjölmargar sjávarbyggðir í rúst og er Grenivík engin undantekning. Einnig mun ríkissjóður finna verulega fyrir skaðanum þegar búið verður að knésetja sjávarútveginn.

Óskiljanlegt er að löggjafinn hafi áhuga á að kippa rekstrargrundvelli undan rótgrónum útgerðafyrirtækjum, jafnvel útgerðarfyrirtækjum sem í heila öld hafa verið rekin af kostgæfni og hafa á síðust árum verið að kaupa til sín aflaheimildir í staðinn fyrir þær skerðingar sem átt hafa sér stað.

Eins og fram kemur í bráðarbirgðarákvæði frumvarpsins er verið að skerða varanlega aflaheimildir í flokki 1 og flytja í flokk 2, þ.e. 9,5% af þorski, 6,9% af ýsu, 7,2% af ufsa, 9,8% af steinbít og 5,3% af öðrum tegundum þar sem aflahlutdeild hefur verið úthlutað. Auk þessa er óskiljanlegt af hverju afgjald er hærra af uppsjávartegundum. Við mótmælum þessu harðlega þar sem þetta er enn ein aðförin að núverandi útgerðum.

Sveitarstjórn Grýtubakkahrepps krefst þess að frumvörpin verði dregin til baka.

Grenivík 19. apríl 2012,

Guðný Sverrisdóttir

GRÝTUBAKKAHREPPUR
Gamla skólanum – 610 Grenivík – Sími 463 3159
Fax 463 3269 – Netfang sveitarstjori@grenivik.is